## FRÁRENNSLISLAGNIR SKÝRINGAR

Frárennslislagnir utanhúss skulu vera eins og sýnt er á teikningum af frárennslislögnum.

Steinsteyptar pípur (ST), skulu vera gallalausar, og þéttar með hampi og múr, eða með til þess gerðum gúmmíhringjum.

Plastpípur (PL) , skulu vera úr viðurkenndum, gallalausum plastpípum, samkvæmt Í.S.T. 65; þ. e. úr PEL, PEH eða stífu PVC plasti.

Frárennslislagnir í grunni skulu vera úr viðurkenndum, gallalausum plastpípum, samkv. Í.S.T. 65; þ. e. úr PEL, PEH eða stífu PVC plasti.

Plastpípur skulu settar saman með þar til gerðum gúmmíhringjum.
Þess skal gætt að skemma ekki yfirborð plaströranna, t.d. með því að draga þau eftir hrjúfu jarðefni. Sé nauðsynlegt að leggja þau í frosti, skal afla upplýsinga frá framleiðanda röranna, um meðhöndlun þeirra.

Gæta skal þess að allar pípur hvíli á belgjunum, en ekki samskeytum, og að þær liggi í beinum línum milli brotpunkta og með jöfnum halla.

Utan húss skal setja 150mm sandlag undir og til hliðar með pípum og 200mm ofan á þær.
Í grunni skal setja 100mm lag undir og til hliðar, en minnst 150mm ofan á pípurnar.
Sandlagið undir og til hliðar skal þjappað vel; sérstaklega undir pípunum.

Ekki má leggja frárennslislagnir á frosið undirlag,og þar sem ekki er burðarhæfur jarðvegur undir lögnum, skal setja 500mm styrktarlag úr góðri grús, em þjappist vandlega.
Jarðveg yfir pípum utanhúss, og fyllingu ~~yfir pípum~~ í grunni, má ekki vélpjappa.

- Efni og frágangur skal, að öðru leyti, vera í samræmi við holræsareglugerð og Í. S. T. 65.

Gefinn kóti er rennslisbotn röra. Neðri brún gata sé 100mm neðar en rörkóti í vegg.
Göt séu 300x 300mm. nema annars sé getið.
Röraviddir eru mm. Málsetning er mm. Kótar eru metrar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| HL : | Handlaug | EV : | Eldhúsvaskur |
| BK : | Baðker | SV : | Skolvaskur |
| SB : | Steypibað | ÞV : | Þvottavél |
| VS : | Vatnssalerni | GN : | Gólfniðurfall |
| | | ÞN : | Þakniðurfall |
| | | GSN : | GEGNUMSTREYMISNIÐURFALL |




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | VERKFRÆÐISTOFA SUÐURLANDS hf<br>Heimahaga 11 Selfossi sími 99-1776 | BLAÐ 2-00 |
| | | | | VORSABÆR 2. SKEIÐAHREPPI | KVARÐI: |
| | | | | FRÁRENNSLISLAGNIR SKÝRINGAR | REIKN. |
| | | | | GEGNUMSTREYMISNIÐURFALL; TENGING, SNIÐ | TEIKN: |
| | | | | | DAGS: 26. 2. 1988 |
| NR: | DAGS. | BREYTING | AF | SAMÞ. | NR. 88 010 |